


Lögmannablaðið



10. árgangur
Desember
4/2004

- „Þar sem peningar eru þar eru konur ekki“ -
- Vinnutími og starfsumhverfi kvenna
- Rómarferð
- Af jólafundi
- 10 ára afmæli fötboltamóta LMFÍ





SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á www.lt.is.

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, adgangur@lt.is eða 550-9600.

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-70567
Tölvupóstur: (E-mail):
lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ
Gunnar Jónsson hrl.,
formaður
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,
varaformaður
Ólafur Rafnsson hdl.,
gjaldkeri
Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,
ritari
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:
Ingimar Ingason
framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir
félagsdeild
Guðný Gísladóttir
ritari

Blaðið er sent öllum
félagsmönnum.
Ársáskrift
fyrir utanfélagsmenn
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað
kr. 400 + vsk.
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Óflun ehf.,
sími 533 4440

4 GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:
Frá ritstjórn.

6 EYRÚN INGADÓTTIR og GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:
„Þar sem peningar eru þar eru konur ekki“ —
Konur í lögmannastéttinni.

13 Kvennaboð LOGOS.

14 Vinnutími og starfsumhverfi kvenna — spurningar og svör.

17 „Stofnun FKL hefur haft mikil áhrif“
Viðtal við *Sif Konráðsdóttur*.

19 INGIMAR INGASON:
Tölulegar upplýsingar í viðara samhengi.

24 JÓLIN KOMA ...

26 HILMAR GUNNLAUGSSON:
Af námsstörfum í Róm.

29 Af Merði lögmanni.

30 GUNNAR JÓNSSON:
Pistill formanns.

32 Meistaramót LMFÍ í knattspyrnu anno 2004.
Hið 10. í röðinni.

35 EYRÚN INGADÓTTIR:
Fréttir frá félagsdeild.

36 Kínversk sendinefnd í heimsókn hjá LMFÍ.

Forsíðumynd: Forum Romanum í Róm, EYRÚN INGADÓTTIR.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ritnefnd: Daði Bjarnason hdl., Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.,
Einar B. Árnason hdl., Guðfinna J. Guðmundsdóttir hdl. og
Gylfi Thorlacius hrl.



FRÁ RITSTJÓRN

Efni blaðsins að þessu sinni er helgað konum í lögmennsku og hvernig þær standa í samamburði við karla í stéttinni. Jafnréttisumræðan getur verið viðkvæmt mál og alltof oft heyrst það viðhorf að umræðan sé "væl grátkvenna sem vilja fá allt fyrir ekki neitt og hafi ekkert betra við tímann að gera en væla og kvarta". Það er reginmisskilningur enda eðlileg krafa að konur standi til jafns við karla á sem flestum sviðum.

Það verður að viðurkennast að þegar ritstjórinn arkaði sín fyrstu spor í lagadeildinni þá hvarflaði það ekki að honum að hann og jafnaldrar hans af báðum kynjum þyrftu yfirhöfuð að spá í hluti á borð við jafnrétti. En síðan tók alvaran við og kaldur veruleikinn birtist. Karlar í LMFÍ eru um það bil fjórfalt fleiri en konur og sé litið til hlutfalls kvenna og karla meðal eigenda lögmennsstofa þá eru í þeim hópi hlutfallslega enn færri konur. Fjölgun kvenna í lögmennsku hefur verið hæg og engan veginn í samræmi við fjölgun kvenna í laganámi þar sem konur hafa undanfarin 15 ár verið í meirihluta nemenda. Þá virðist sem konur staldri styttra við í lögmennskunni en karlar. Hlýtur það að vera áhyggjuefni ef svo er í reynd raunin.

Spurningin er kannski þessi: Er hinn mikli munur sem er á konum og körlum í lögmennsku vandamál í sjálfu sér? Þurfum við að leita leiða til að jafna hlutföll kynjanna meðal okkar? Kannski er nóg að lögmenn séu meðvitaðir um að þessi mikli kynjamunur sé fyrir hendi innan stéttarinnar.



**Guðrún Björg
Birgisdóttir**
hdl.

Sem jafnréttissinni getur ritstjórinn ekki tekið undir þá skýringu að lögmennskan sé allt að því fjölskyldufjandsamleg og krefjist oft mikillar vinnu undir álagi þar sem leysa þarf verkefni á skömmum tíma. Slíkt hlýtur að eiga við um bæði kynin. Að mörgu leyti má til dæmis skýra kynjamun milli eigenda lögmennsstofa í sögulegu samhengi.

Því er forvitnilegt að vita hvort eftir einhver ár verði það hlutfall annað þegar starfsreynsla kvenna í lögmennsku jafnast í árum talið við starfsaldur karla. Sú þróun er auðvitað háð því að konur haldist í lögmennskunni. Mikilvægt skref í þá átt hefur verið stigið með stofnun Félags kvenna í lögmennsku þar sem aðalmarkmiðið er að styrkja tengslanet kvenna, nokkuð sem tilfinnanlega hefur skort fram að þessu. Stjórn LMFÍ hefur staðið dyggilega á bak við stofnun þessa félags og er það nú hluti af félagsdeild LMFÍ. Ólíkt öðrum stéttum þá ætti ekki að vera til staðar kynjabundinn launamunur meðal lögmanna því eðli málsins samkvæmt er vinnan okkar seld út á ákveðnu tímagjaldi sem lögmaður ákveður jú alltaf sjálfur.

Nú í lok þessa fyrsta árs sem pistlahöfundur gegnir ritstjórastarfi þá er ekki úr vegi að þakka sérstaklega þeim lögmönnum sem hafa sent inn greinar því ef ekki væri fyrir þá, og svo fótbolta- og golfmótin, þá væri blaðið ekki til.

Gleðileg jól

Öflug nú tíma verkfæri

Stafrænar ljósritunarvélar
sem skanna, prenta,
senda og móttaka fax
og skrifa út tölvupóstinn.



KONICA MINOLTA

UMFANG
TÆKNIÞÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5520 • 510 5530



Ný lína
frá Minolta í
s/h ljósritunarvélum:
Di2510, Di3010
og Di3510.

**Fjölnota
tæki með
öflugum tölvu
og nettengi.**

„Þar sem peningar eru, þar eru konur ekki“

– Konur í lögmannastéttinni

Árið sem senn er á enda hefur verið lífligt í jafnréttisumræðu meðal lögfræðinga og lögmannna. Fyrst ber að nefna að konur innan raða LMFÍ stofnuðu í mars á þessu ári sérstakt félag kvenna í lögmennsku. Í öðru lagi þá var það álit kærunefndar jafnréttismála, í máli nr. 14/2003, að dómsmálaráðherra hefði ekki tekist að sýna á málefnalegan hátt fram á að aðrar ástæður en kynferði hefðu legið til grundvallar við skipun hæstaréttardómara. Í þriðja lagi hafa verið haldnir óvenju margir fundir, málþing og ráðstefnur um jafnréttismál meðal lögfræðinga. Má þar t.d. nefna málþingið „Konur, völdin og lögin“ sem haldin var 27. ágúst og ráðstefnuna „Völd til kvenna – tengslanet“ sem haldin var í júní sl. á Bifröst. Ritstjórn Lögmannablaðsins ákvað að

helga konum í lögmannastéttinni síðasta tölublaði ársins. Velt er upp spurningum eins og hvers vegna konur í LMFÍ fannst nauðsynlegt að stofna sérstakt félag innan þess, hvort og þá hvaða sameiginlegu hagsmuni konur í félaginu hefðu sem karlar hefðu ekki og hvort konur í lögmannastétt upplifðu einhverja mismunun gagnvart körlum. Tveir árgangar úr lagadeild Háskóla Íslands eru bornir saman út frá fjölda þeirra sem eru með virk lögmannsréttindi. Lögmannablaðið hafði einnig samband við fjölda kvenna, sem annaðhvort eru starfandi lögmennt í dag eða hafa hætt störfum, til að fá þeirra sýn á starfið. Auk þessarar greinar er viðtal við Sif Konráðsdóttur hrl., um Félag kvenna í lögmennsku, svör nokkurra lögmannna við spurningum blaðsins um störf og kynferði og að lokum hlutfall kvenna og karla í lögmannastarfinu í nokkrum nágrannalanda okkar.

Útskriftar árgangarnir 1989 og 1995

Lögfræðingar tilheyra einni af þremur gömlum embættismannastéttum Íslands, ásamt prestum og læknum. Konur fengu með lögum árið 1911 rétt til embættisnáms, námsstyrks og embætta en hins vegar liðu 24 ár frá lagasetningunni þar til fyrsta konan lauk lagaprófi. Næstu þrjú áratugi, eða til ársins 1965, útskrifuðust einungis fimm konur sem lögfræðingar en eftir það fór konum smám saman að fjölga.

Árið 1989 útskrifuðust í fyrsta skipti fleiri konur en karlar úr lagadeild Háskóla Íslands, eða 25 konur á móti 23 körlum. Þegar skoðað er

hversu margir úr þessum árgangi eru með virk málflutningsréttindi í dag, þá kemur í ljós að það eru 48% kvenna á móti 52% karla. Árið 1995 útskrifaðist sami fjöldi úr lagadeild HÍ og árið 1989. Nú, níu árum síðar, eru hins vegar einungis 32% kvennanna komnar með virk málflutningsréttindi á meðan 65% karla eru með virk réttindi.

Séu þessir tveir útskriftar árgangar bornir saman þá virðist sem að konur séu almennt seinni til þess að hefja starfsferil sem lögmennt eftir útskrift úr lagadeild. Viðmælendur Lögman-



„Hver vill ekki spila með Beckham?“

Anna Sigrún Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Liðsinni Solarplexus ehf.

Stuttar boðleiðir, markviss og skjót ákvarðanatoka, ásamt faglegri ráðgjöf í fjármálum eru atriði sem henta Önnu í rekstri fyrirtækis síns.


Að reka fyrirtæki er að velja saman rétta liðið
Þess vegna er hún viðskiptavinur SPRON.

HEIR & NÚ / SÍA

Fyrirtækjþjónusta

Sími: 550 1200





blaðsins töldu að það gæti vel staðist og einn þeirra sagði að hann hefði ekki treyst sér til að byrja lögmennsku beint úr lagadeild, heldur talið skynsamlegt að hafa einhvern bakgrunn sem og lífsreynslu og þroska. Hann sæi ekki eftir því að hafa farið svona að.

Hvar starfa konur í lögmanna-stétt?

Enn sem komið er eru konur einungis 22% félagsmanna LMFÍ en þeim fjölgar hratt. Ef farið er tíu ár aftur í tímann þá voru konur einungis 11% félagsmanna, eða 43, þannig að mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma. Álíka fjöldi kvenna og karla hefur sótt námskeið til öflunar hdl. réttinda síðan þau voru fyrst haldin árið 2000 og það gefur vísbendingu um að hlutfall kvenna sem félagsmanna í LMFÍ haldi áfram að aukast á næstu árum þar sem allflestir þeirra sem hætta vegna aldurs eru karlar.

Þegar samsetning kynjanna í félagatali LMFÍ er skoðuð kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Til dæmis eru 31% kvenna úr hópi félagsmanna LMFÍ sjálfstætt starfandi lögmenn en er 61% hjá körlum.

Það er freistandi að skýra þennan mikla mun með því að konur séu tiltölulega ungar í stéttinni og séu ennþá að afla sér starfsreynslu áður en þær

fara út í að starfa sem sjálfstætt starfandi lögmenn. Þegar meðalaldur félagsmanna LMFÍ (án þeirra sem eru 70 ára og eldri) er skoðaður kemur í ljós, að hann er um 44 ár. Meðalaldur karla er 45,3 ár og kvenna 40,5 ár. Þennan mun má því að einhverju leyti skýra vegna þessa aldursmunar, auk þess sem fyrr er nefnt, að konur virðast vera seinni til að hefja starfsferil sinn sem lögmenn eftir útskrift úr lagadeild.

„Ég hef á tilfinningunni að konur rukkji ekki eins hart og karlar og meti sína vinnu ekki eins og karlar gera, sem er náttúrulega algjört bull. Þeir virðast einhvern veginn vera harðari.“

Kona í LMFÍ.


Þegar skýringa á muninum milli kynjanna er leitad í röðum kvenna í LMFÍ nefna flestar þá fjárhagslegu óvissu sem fylgir því að vera sjálfstætt starfandi lögmaður. Ein, sem hætti lögmennsku eftir fimm ára starf og fór að starfa í stjórnarsýslunni, sagði að hún hefði ekki verið tilbúin að fórna eins miklu fyrir starfið og þurfti, t.d. að neita sér um löng sumarfrí.


Berglind Svavarsdóttir hdl., segist halda að konum finnst að sjálfstætt starfandi lögmennska sé ótrygg. „Ég held að konur séu með kreddur um að það sé eitthvað ægilegra að vera í lögmennsku heldur en að vinna annars staðar,“ sagði hún. Önnur kona, sem einnig er starfandi lögmaður, taldi að konurnar hefðu ekki nóg sjálfstraust til að

„Ég var sjálfstætt starfandi í fimm ár og sé ekki eftir lögmenskunni. Ég sérhæfði mig í kynferðisbrotum og var með litlar tekjur af því miðað við hve mikið ég vann.“

Kona í LMFÍ.

byrja með rekstur. „Þær þora ekki, svo einfalt er það. Þær vita ekki fyrirfram hverjar tekjurnar verða og velta örygginu mikið fyrir sér.“ Þessi sama kona er búin að vera lögmaður í tiltölulega stuttan tíma og sagði það bölvað hark; „Maður er að vinna fyrir marga litla kúnna og það er slítandi. En ég held að strákarnir sem eru að byrja séu í sömu sporum og ég.“ Enn einn viðmælandi blaðsins taldi ekkert skrítið að konur væru hræddar við að hefja störf sem sjálfstætt starfandi lögmenn. „Stærstu kúnna lögmanna eru fyrirtæki sem karlar stjórna og þeir tala bara við karla. Á meðan konur eru ekki við stjórnvölinn í fyrirtækjum þá





verður þetta svona. Kaupin á eyrinni ganga svona fyrir sig. Þar sem peningarnir eru, þar eru konur ekki,” sagði hún.

Aðrar skýringar voru einnig nefndar, svo sem að konur létu bjóða sér það lengur að vera fulltrúar en karlar, frestuðu því að fara út í sjálfstæðan atvinnurekstur þar til þær hefðu lokið barneignum, eða á meðan börnin væru lítil, á

„Ég vil jarða þetta bull í konum að þær geti ekki verið sjálfstætt starfandi lögmennt og eignast börn.

Kona í LMFÍ.

meðan karlarnir byrjuðu sinn starfsferil á þeim tíma. Skoðun á skiptingu lögmannna innan LMFÍ á útskriftarárgöngum frá 1989 og 1995 styður þessa kenningu. Í árgangi frá 1989 voru 66% kvenna sjálfstætt starfandi og 33% innanhússlögmennt á grundvelli undanþágu frá 1. mgr. 12. greinar lögmannalaga, á meðan einungis 12% kvenna í árgangi 1995 voru sjálfstætt starfandi, 37,5% fulltrúar lögmannna og 50% innanhússlögmennt á grundvelli undanþágu.

„Konur geta vel verið sjálfstætt starfandi lögmennt og staðið í barneignum, það er bábilja að þetta eigi ekki saman,” sagði Kristín Edwald hdl., og bætti við að lögmannsstofur gætu vel verið fjölskylduvæn fyrirtæki. „Þetta er að breytast svo rosalega hratt og karlar eru byrjaðir að taka orlof vegna barneigna jafnt og konur,” sagði Kristín.

Eigendur stærstu lögmannsstofanna

Í september 2003 gerði Advokatbladet í Noregi könnun á 20 stærstu lögmannsstofunum í landinu. Þar kom í ljós að konur voru einungis 8,4% af eigendum og þar virðist vera tregða gagnvart því að hleypa konum að sem meðeigendum.

Þegar níu stærstu lögmannsstofurnar á Íslandi eru skoðaðar, þær sem eru með sjö lögmennt eða

fleiri að störfum, þá kemur í ljós að 18,5% eigenda eru konur. Af þessum níu stofum er ein sem sker sig úr og það er lögmannsstofan Lex sem er næst stærsta lögmannsstofa á landinu. Sex af tólf eigendum eru konur en það er einsdæmi. Að sögn Erlu S. Árnadóttur hrl., eins af eigendum Lex, hefur konum fjölgað í eigendahópnum. „Stofan hefur ekki verið með sérstaka jafnréttisstefnu í þessu sambandi, en eignaraðild að félaginu hefur að nokkru þróast með þeim hætti að fulltrúar hafa orðið aðilar að rekstrinum,” sagði Erla. Á Lögfræðiskrifstofu Reykjavíkur er ein kona eigandi af átta og á stærstu lögmannsstofu landsins, LOGOS, er einungis ein kona í hópi ellefu eigenda.

Brjótum glerþakið!

Glerþakið hefur verið til umræðu meðal kvenna í lögmenntsku en með því er átt við ósýnilegt þak sem heftir konur í að fá stöður við hæfi vegna kynferðis. Þannig upplifi konur talsverðar hindranir fyrir þær í að fá yfirmannsstöður í samfélaginu þótt þær eigi nokkuð greiðan aðgang að stöðum millistjórnenda. Meðal annars hafa konur

Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvallid.

BEDCO & MATHIESEN

Bedco & Mathiesen ehf
Bæjarhrauni 10
Hafnarfirði
Sími 565 1000

í lækna-stétt talað um að þeim gangi verr að fá yfirmannsstöður og prófessorsstöður vegna kynferðis síns og konur í lögmanna-stétt, sem rétt var við, tóku undir þetta. „Ég verð ekki vör við þetta glerþak sem sjálfstætt starfandi lögmaður en þar sem ég starfaði áður varð ég fyrir því að rekast á það,“ sagði einn viðmælandi blaðsins. „Um þessar mundir veit ég af tveimur dæmum þar sem karlar með minni reynslu og menntun voru teknir fram yfir konur og það er engin önnur skýring en kynferði,“ bætti önnur við. Allar þær konur sem greinarhöfundar ræddu við voru sammála um að stór fyrirtæki og hið opinbera, þar sem pýramíðaskipulag væri ráðandi, væru helst þeir staðir þar sem konur rækjast á hindranir.

„Ég hef einu sinni lent í því að viðskiptavinur taldi mig vera einstaklega vel upplýstan ritara en félaga minn vera lögmenninn. Honum leið 15 sinnum verr en mér þegar hann kom upp um sig. Annars finn ég ekki fyrir því að vera kona gagnvart viðskiptavinum.“

Kona í LMFÍ.

„Það er langur vegur frá því að lögmennskan sé án glerþaka“ sagði einn lögmaður, sem er meðeigandi lögmanna-stofu sem sérhæfir sig í fyrirtækjalögfræði. „Ég finn að viðskiptavinir vilja frekar tala við karlkyns félaga mína og ástæðuna tel ég vera þá að karlar þekkja karla, þetta er ekki endilega meðvitað. Maður reynir að berjast á móti þessu en er alltaf í vindmyllunum,“ sagði hún. „Telja má á fingrum annarrar handar, þau skipti sem ég er ekki eina konan í hópnum þegar ég mæti á fundi,“ sagði önnur kona sem vinnur við fyrirtækjalögfræði.

„Til að brjóta þetta glerþak þurfum við í fyrsta lagi að horfast í augu við að það sé til,“ sagði Sif Konráðsdóttir hrl., og formaður Félags kvenna í lögmennsku. „Það að skilgreina starfið „lögmennska“ á ekki einungis að vera gert af körlum, konur þurfa að koma þar inn í. Þegar ungar konur hafa komið í stéttina hafa þær gjarnan karlgert sig, farið í jakkafötin og farið þá leið sem er til. Karlar hafa skilgreint starfið og við höfum verið boðnar velkomnar á forsendum þeirra. Þessu þurfum við að breyta,“ sagði Sif.

Viðmælandur blaðsins voru á því að til að brjóta glerþakið þyrfti margt að koma til. Meðal annars þyrfti að breyta ímynd lögmennskunnar og

til þess yrði að vera samstaða kvenna í stéttinni. „Sú ímynd að lögmaður sé miðaldra karl í gráum jakkafötum og með ístru, þarf að víkja og hún er að breytast. Mér finnst konur vera að verða meira áberandi í stéttinni, ég hitti fleiri konur við fyrirtöku í héraðsdómi og finnst þær vera meira áberandi í fjölmiðlaumræðunni,“ sagði viðmælandi blaðsins í bjartsýnistón, en bætti svo við að LMFÍ þyrfti líka að breytast með tíðarandanum. „LMFÍ er ekki fjölskylduvænt félag, þar er ríkjandi karlamening þar sem félagsstarfið er golf og fótbolti. Flest starfsmannafélög fyrirtækja hafa breytt stefnu sinni og stuðla að meiri fjölskyldumeningu. Ég tel m.a. vegna þessa að Félag kvenna í lögmennsku sé svo mikilvægt til að mynda tengsl meðal kvenna, því karlarnir hafa fótboltann,“ sagði hún. Önnur kona orðaði þetta svo að konur þyrftu tækifæri til að gera sig gildandi því karlar ættu betra með það. „Það er þetta ósýnilega tengslanet karla, við konur þurfum að huga að slíku og vera betri við hver aðra. Sameinaðar stöndum vér!“ sagði hún.

Lögmennska og fjölskyldulíf - andstaðir þólar?

Það viðhorf að lögmennskan snúist um að vera til staðar fyrir skjólstaðinga 24 tíma á sólarhring, sjö daga vikunnar er algengt og kann að skýra þennan mun á milli kynja innan raða LMFÍ. Flestir viðmælandur blaðsins voru hins vegar þeirrar skoðunar að lögmennskan væri jafn sveigjanleg og önnur störf. „Það var mikið talað um það þegar ég byrjaði að sjálfstæð lögmennska væri ekki fjölskylduvæn. Nú er ég búin að starfa í þrjú ár og hef komist að raun um að þetta er ekki rétt,“ sagði kona og önnur tók í sama streng: „Ég er með lítil börn og mér finnst ég einmitt geta stjórnað vinnutímanum, tekið með mér verkefni heim og unnið á öðrum tímum. Ég myndi hvetja konur til að verða sjálfstætt starfandi lögmenn, sveigjanleikinn er eins og maður vill og ég er sátt við afkomuna. Þegar ég byrjaði þá kom þetta mér á óvart,“ sagði hún.

„Konur virðast sækja meira í að starfa innan stofnana og ráðuneyta og sækja í öryggið af því að vera launþegar.“

Kona í LMFÍ.

J
JAKOBS PELSAR

Skólavörðustíg 2
S: 5448880



hsk02003

„Lögmansstarfið er eins og sjómennska held ég, þegar það fiskar þá ferðu ekki heim að sinna fjölskyldunni. En inn á milli getur starfið vissulega boðið upp á sveigjanleika.“ sagði annar viðmælandi blaðsins og benti á að þetta ætti við alla lögmenn.

☞ Ætlir þú að ná árangri sem lögmaður þá þarftu að gefa þig allan í það sama hvort þú ert karl eða kona. Það erfiða er að verandi kona þá þarftu virkilega að sanna að þú sért „maður“ til þess og það getur verið erfitt þar sem fyrirfram er gefið að þú sért það ekki.

Kona í LMFÍ.

„Ég gekk inn í þennan karlaheim í upphafi, nýútskrifuð, vildi standa mig og fara eftir þeim leikreglum sem giltu.“ sagði Oddný Mjöll Arnardóttir hdl. „Ég komst að því eftir dálitinn tíma að þessi heimur höfðaði ekki til mín. Vinnumórállinn var mér framandi og leikreglurnar varðandi það hvað þyrfti að gera til að ná framgangi í starfi voru mér huldar. Þegar ég átti von á barni þá komst ég að þeirri niðurstöðu að þetta vinnuumhverfi hentaði mér alls ekki og ég hætti. Þegar ég byrjaði aftur, eldri og þroskaðri, þá var ég ákveðin í að stunda lögmennsku á eigin forsendum og reyna frekar að leggja mitt af mörkum til að breyta menningunni í lögmennastétt. Markmið mitt er að stunda mína lögmennsku þannig að ég geti yfirleitt farið heim á venjulegum tíma milli fjögur og fimm á daginn, tekið mér eðlileg frí frá störfum og átt tíma og orku fyrir líf utan vinnu. Auðvitað taka allir álagstíma í sínum störfum en ég tel að það sé mikilvægt fyrir konur og karla að lögmennska sé starf sem fjölskyldufólk geti sinnt og starf sem standi undir eðlilegri afkomu innan þess ramma.“ sagði Oddný.

☞ Ég velti fyrir mér hvort sjálfstætt starfandi lögmennska sé flótti kvenna frá glerþökunum. Konur sem eru um ferugt í stéttinni hafa reynt ýmislegt og flestar hafa rekist á þessi glerþök sem eru alls staðar. Þegar þú ert sjálfstætt starfandi er enginn fyrir ofan eða til hliðar til að slá þig niður.

Kona í LMFÍ.

Umræðan farin af stað

Stofnun Félags kvenna í lögmennsku hefur beint sjónum að stöðu kvenna í lögmennastéttinni og með hvaða hætti þær geta styrkt stöðu sína, unnið að auknu jafnrétti og breytt ímynd almennings á lögmönnum.

Það er áhugavert að skoða hversu fáar konur hlutfallslega eru sjálfstætt starfandi lögmenn og hverjar ástæður þess eru að mati þeirra sjálfra. Svo virðist sem konur leggi ekki í að vera sjálfstætt starfandi lögmenn þar sem þær ofmeti starfið og telji það ófjölskylduvænt. Að minnsta kosti vildu flestar þeirra, sem starfa sjálfstætt og Lögmanna blaðið talaði við, jarða þær hugmyndir

☞ Mitt markmið er að hafa fína afkomu en vinna ekki meira en 8 tíma á dag. Ég vil gera umhverfið fjölskylduvænna og þessi viðmið og gildi hjá lögmönnum að vinna alla nóttina eru úrelt!

Kona í LMFÍ.

að ekki væri hægt að stunda sjálfstæða lögmennsku á þeirra eigin forsendum. Lögmennska og fjölskyldulíf væru langt því frá andstæðir pólar.

Ástæðan fyrir því að konur í lögmennastétt á Íslandi eru ekki í sömu sporum og norskar stallystur þeirra þegar kemur að því að skoða hlutfall kvenna sem eigenda stærstu lögmennsstofanna er lögmennsstofan Lex en þar eru konur sex af tólf eigendum. Vonandi taka fleiri lögmennsstofur hana sér til fyrirmyndar og brjóti þannig hið umrædda glerþök.

Skoðun á útskriftarárgöngum úr lagadeild HÍ, 1989 og 1995, bendir til þess að konur byrji seinna sinn starfsferil sem lögmenn en karlar. Þar með eru þær seinni í að verða sjálfstætt starfandi lögmenn og væntanlega að skapa sér orðspor. Þó má benda á að úttekt sem þessi, þar sem skoðaðir eru tveir árgangar, gefur einungis vísbendingu um stöðuna en nákvæmari rannsókn á fleiri árgöngum þarf til að fá nánar úr því skorið og væri það verdugt viðfangsefni.

Almennt ríkir hjartarsýni meðal kvenna í lögmennsku með hvert stefnir og ársins 2004 verður sennilega minnst hjá þeim sem árs jafnréttisumræðu og mikillar gerjunar á því sviði. Umræðan er farin af stað og orð eru til alls fyrst.

Kvennabóð LOGOS



Heiðursgestur að þessu sinni var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Föstudagskvöldið 5. nóvember sl. komu saman hjá LOGOS um 140 konur sem eiga það sameiginlegt að vera lögfræðingar. Þetta er í þriðja skiptið sem þær tíu konur, sem starfa sem lögmennt eða lögfræðingar hjá LOGOS og A&P Árnason, halda slíkt boð en markmiðið er að konur myndi með sér tengslanet og kynnist innbyrðis. Það var einmitt í kjölfar kvennabóðsins á síðasta ári að hafinn var undirbúningur að stofnun félags kvenna í lögmenntsku.



Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.,
Helga M. Óttarsdóttir hdl. og
Áslaug Guðjónsdóttir hdl.



Lögmönnum er sérstaklega bent á að bjóða starfsfólki sínu og börnum þeirra með á ballið.

Lögmenn og starfsfólk lögmennsstofa athugið:

Jólaball

verður haldið sunnudaginn 19. desember frá kl. 14:00-16:00 í hátíðarsal LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.

Miðaverð: Kr. 500.- fyrir börn og fullorðna. Ókeypis fyrir börn yngri en eins árs.

Miðar verða seldir á skrifstofu LMFÍ til 17. desember. Athugið að takmarkaður fjöldi kemst á ballið svo pantið tímanlega! Hægt er að panta miða símleidis eða með tölvupósti á netfang: eyrun@lmfi.is og leggja inn á reikning félagsins.

Lögmannafélag Íslands

Vinnutími og starfsumhverfi kvenna

– spurningar og svör –

Lögmannablaðið fór þess á leit við nokkrar konur í lögmannastéttinni að þær svöruðu spurningum varðandi störf sín. Svör bárust frá fimm þeirra sem birtast hér á eftir. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- 1.** Hver er vinnutími þinn vanalega? Finnur þú fyrir miklum sveiflum í vinnuálagi?
- 2.** Hvert er meginstarfssvið þitt?
- 3.** Hvort leita karlar og konur meira til þín?
- 4.** Finnst þér kynferði þitt hafa áhrif á þau samskipti sem þú átt við viðskiptavini og aðra lögmennt?
- 5.** Hefur þú orðið vör við skoðanir sem ganga út á að konur séu taldar betri en karlar á einhverjum sviðum lögmennskunnar?



Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir hdl.

- 1.** Venjulegur vinnutími minn er líklega frá um kl. 9 til um kl. 18. Auðvitað koma sveiflur eftir verkefnum sem maður er í, og kemur fyrir að maður þurfi að vinna fram á nótt eða um helgar, en það er ekki oft.
- 2.** Ég vinn mest á sviði samningaréttar, félagaréttar, í lánasamningum og auðkennarétti sem er mitt sérsvið. Vinn þó í málum á öllum mögulegum sviðum, þ. á m. sifjarétti, verjendastörfum og réttargæslu.
- 3.** Ég tek ekki eftir neinum mun þar á.
- 4.** Það er ekki mikið en auðvitað eru til dæmi um það. Það eru helst karlmenn af eldri kynslóðinni sem finnst kannski svolítið skrítið að sjá unga konu kynna sig sem lögmann svona rétt í byrjun. Ég man líka eftir því þegar ég var í fyrsta sinn í dómsal þar sem að lögmaður gagnaðila var líka kona, að dómari hafði orð á því að þetta væri svolítið sérstakt – fyrsta málið hans þar sem báðir lögmennirnir væru kvenkyns – og það eru aðeins um 2-3 ár síðan. Svo hafa lögreglumenn stundum hváð svolítið þegar ég mæti með skjólstæðingum í skýrslutökum í málum sem þeim finnast greinilega ekki „kvennamál“, eins og kynferðisbrotamál og fíkniefnamál. En þetta er að breytast mjög hratt, mér finnst munur á viðbrögðunum með hverju árinu sem líður.
- 5.** Það má kannski helst orða þetta þannig að þegar maður kemur fram sem lögmaður í sifjaréttarmáli þá megi maður síður eiga von á að einhver reki upp stór augu, heldur en þegar maður kemur fram sem lögmaður í stóru fjármögnunarverkefni

t.d., eða sem verjandi í fíkniefna- eða kynferðisbrotamáli. En persónulega hef ég aldrei heyrt því haldið beint fram að annað kynið sé betra en hitt sem lögmenn á ákveðnum sviðum lögmennskunnar.



*Lára V. Júlíusdóttir
hrl.*

- 1.** Fastur vinnutími 8-17 mánudag til föstudags, 8-12 flesta laugardagsmorgna. Vinnutími lengri ef þörf krefur, t.d. fyrir málflytning eða kennslu.
- 2.** Meginstarfið er almenn lögmennsstörf. Starfssviðið er að verulegu leyti tengt vinnurétti, en þó er ég líka í sífjaréttarmálum, forsjármálum og barnaverndarmálum. Ég er í 20% starfi lektors við HÍ, kenni samningarétt, vinnurétt og sífjarétt, og kenni auk þess lítilllega á Bifröst í vetur.
- 3.** Ég verð ekki vör við neinn sláandi mun á því hvort karlar eða konur leiti til mín. Ég tel hins vegar fólk leita frekar til mín með sífjaréttar- og forsjármálin vegna kynferðis míns, en einnig tengist það að sjálfsögðu kennslu minni við HÍ. Vegna vinnuréttarins leitar til mín fólk úr öllum stéttum, verkafólk, millistjórnendur og forstjórar fyrirtækja þegar leita þarf ráða í vinnurétti. Þar skiptir kynferðið nákvæmlega engu máli.
- 4.** Ég hugsa ekki mikið um kynferði mitt í samskiptum mínum við viðskiptavinum eða lögmenn, einfaldlega vegna þess að sú staðreynd að ég er kona er hluti af sjálfri mér, þannig hefur það alltaf verið og ég fæ engu um það breytt. Þar sem ég hef ekki samanburðinn get ég ekki haft skoðun á því hvort kynferði mitt hafi áhrif á þessi samskipti. Það læðist stundum að mér sá grunur að ýmislegt í samskiptum mínum við aðra í þessu starfi sem ég er í væri með öðrum hætti ef ég væri karl en ekki kona. Þetta er þó fullkomlega huglægt mat og á að einhverju leyti rætur í uppeldi mínu, skólagöngu og reynslu á fyrstu árum í starfi. Þá þótti edlilegt að strákarnir hefðu algeran forgang. Þegar ég hóf störf sem lögfræðingur fyrir tæpum 30 árum var oft spurt um lögfræðinginn þegar ég kom í símann. Fólk trúði því ekki að lögfræðingurinn væri kona. Þetta hefur algerlega horfið.

5. Augljóslega er leitað meira til kvenna þegar skilnaðarmál, forsjármál og barnaverndarmál eru annars vegar. Mér finnst síður leitað til kvenna í fjármálaráðgjöf, gerð stórra samninga og þess háttar. Ég held að konur í lögmennsku séu almennt færar í því sem þær eru að gera með sama hætti og karlarnir í lögmennsku.



*Herdís Hallmars-
dóttir hdl.*

- 1.** Að jafnaði vinn ég nú til tíu tíma daglega en það eru miklar sveiflur og fer allt uppí sextán tíma vinnudag þegar mikið liggur við. Þá eru það verkin sem kalla og ekkert yfir því að kvarta.
- 2.** Ég er töluvert í opinberum málum, hvoru-veggja sem verjandi og réttargæslumaður. Þá hef ég verið mikið í skaðabótarétti, vinnurétti og fasteignakauparétti. Þess utan er ég í almennum störfum lögmanna svo sem skiptastjórn ásamt öðru.
- 3.** Það er ekki langt síðan ég fór út í eigin rekstur svo það er kannski ekki komin mikil reynsla í þessu samhengi en enn sem komið er þá merki ég engan mun.
- 4.** Ég get ekki merkt það að kynferði mitt hafi áhrif enda eru samskiptin svo persónubundin. Við getum þó ekki litið framhjá þeirri staðreynd að til er fólk sem lítur menntaðar útívinandi mæður hornauga og finnst að konur beri meiri ábyrgð á velferð fjölskyldunnar heldur en karlar. Hins vegar fjölga ört í þeim hópi sem finnst heimilið vera sameiginleg ábyrgð tveggja einstaklinga og ég fagna því. Því fæ ég oft spurningar tengdar því hvernig ég geti unnið svona mikið og hvort fjölskyldan líði ekki fyrir vinnuálagið. Strákarnir verða að svara því en mér er til efs að þeir fái spurningar sem þessar.
- 5.** Það er skemmtilegt frá því að segja að ég hef oftast en einu sinni fengið upphringingu frá kollandum mínum þar sem þeir eru að leita ráða vegna sífjamála sem þeir eru með. Þeir gefa sér að ég hafi sérþekkingu á því sviði vegna þess að ég er kona. Þegar ég hef svarað því til að svo sé ekki þá

verða þeir dálítið hissa. En ég hef nú bara svoltið gaman af því sér í lagi vegna þess að þeim dettur sjaldnast í hug að spyrja hina strákana ráða í þessum málaflokki.



Berglind Svavarsdóttir hdl.

- 1.** Vinnutíminn er ákaflega mismunandi og ég finn fyrir verulegum sveiflum.
- 2.** Sifja- og forsjamál, samningagerð, stjórn-sýslumál, opinber mál.
- 3.** Enginn marktækur munur á því.
- 4.** Nei, a.m.k. verð ég ekki vör við nein sérstök viðbrögð.
- 5.** Já, ég verð einkum vör við það á sviði réttargæslu svo og sifjamála. Ég hef nú ekki algilda skýringu á því hvers vegna það er, hugsanlega okkar “kvenlega innsæi og hlýja viðmót”.



Þórdís Bjarnadóttir hdl.

- 1.** 8-9 klst. Ég finn fyrir nokkrum sveiflum í vinnuálagi, ekki miklum.
- 2.** Skiptamál, réttargæsla brotaþola, skaðabótamál, sifjamál, skilnaðarmál.
- 3.** Í heildina eru hlutföll kynjanna nokkuð jöfn. Varðandi suma málaflokka hafa karlar frekar leitað til mín, en konur vegna annarra málaflokka.
- 4.** Nei
- 5.** Já á sviði sifjamála, þau mál eru talin „mjúk“, hins vegar tel ég þau síður en svo „mjúk“. Þessum málum fylgja oft miklar tilfinningar og hugsanlegt er að konur séu taldar hæfari en karlar að fást við mál sem miklar tilfinningar fylgja.

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Hafnarfjörður

Lögmenn Strandgötu 25

Strandgötu 25

Árni Grétar Finnsson hrl.

Stefán Bj. Gunnlaugsson hdl.

Jónas Þór Guðmundsson hdl.

Lögmenn Hafnarfirði ehf.

Reykjavíkurvegi 60

Bjarni S. Ásgrímsson hrl.

Ingi H. Sigurðsson hdl.

Ólafur Eiríksson hdl.

Ólafur Rafnsson hdl.

Lögmenn Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11

Lögmenn Bæjarhrauni 8 sf.

Guðmundur Kristjánsson hrl.

Hlökkver Kjartansson hrl.

Keflavík

Landslög lögfræðistofa

Hafnargötu 31

Borgarnes

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.

Borgarbraut 61

Ingi Tryggvason hdl.

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf

Aðalgötu 2

Ísafjörður

Lögsýn ehf.

Hafnarstræti 1

Björn Jóhannesson hdl.

Stofnun FKL hefur haft mikil áhrif

Sif Konráðsdóttir hrl., var kjörin fyrsti formaður Félags kvenna í lögmennsku á stofnfundi félagsins sem haldinn var í mars á þessu ári. Til þess að fá nánari upplýsingar um tilurð félagsins og starfsemi leitaði Lögmannablaðið til Sifjar og fékk hana til þess að svara nokkrum spurningum varðandi félagið.

Hvers vegna fannst konum mikilvægt að stofna sérstakt félag innan LMFÍ?

Í undirbúningshópnum, sem starfaði frá hausti 2003, voru um 10 konur með ólíkan bakgrunn, viðhorf og praksís. Þær áttu það allar sameiginlegt að vilja styrkja samstöðu og tengsl þeirra kvenna sem starfa við lögmennsku. Þeim fannst konur í lögmennsku ekki vera nógu sýnilegar og virkar, hvorki innan LMFÍ né annars staðar í samfélaginu, svo sem í opinberri umræðu. Ein kona sat í stjórn LMFÍ og svo hafði það í aðalatriðum verið frá því þær fóru fyrst þar inn. Konum fannst umræða um lögmannsstarfið vera á þeim nótum að það væri ekki nógu aðgengilegt fyrir ungar konur og þær vildu gjarnan láta rannsaka brottfall kvenna úr lögmannastétt og ástæður þess. Þetta

fannst þeim alveg nægileg ástæða til þess að blása til stofnfundar í Félagi kvenna í lögmennsku. Á stofnfundinn mættu svo mun fleiri en búist hafði verið við og konurnar fundu fyrir þörfinni, þær gætu haft verk að vinna og ekki síst gætu þær haft það dálítið skemmtilegt saman.

Hefur stofnun félagsins verið gagnrýnd af öðrum félagsmönnum LMFÍ?

Ekki hef ég heyrt það opinberlega gert og enginn hefur nú heldur snúið sér til mín með slíkt. Utan félagsins eru að sjálfsögðu nokkrar konur sem starfa í lögmennsku og það eru þær örugglega af ýmsum ástæðum, en langflestar konur sem starfa á lögmannsstofum eru í félaginu. Karlar eiga ekki aðild að félaginu og ég hef hvorki séð eða heyrt gagnrýni frá þeim. Ég vil taka fram að stjórn LMFÍ hefur frá upphafi stutt stofnun félagsins bæði í orði og verki og það var afar mikilsvert. Gagnrýni er sjálfsögð og við erum ekki viðkvæmar fyrir því, enda þurfa ekkert allir innan LMFÍ að vera sammála um þetta frekar en annað.

Með hvaða hætti hefur félagið starfað síðan það var stofnað?

Í stjórn þess sitja fimm konur og tvær til vara. Ég hef haft þann háttinn á til að byrja með að boða allar sjö konurnar á stjórnarfundi sem hafa verið haldnir að jafnaði mánaðarlega nema yfir



Sif Konráðsdóttir hrl., (til hægri) formaður FKL ásamt hluta stjórnar. Með henni á myndinni eru (f.v.) Svala Thorlacius hrl., Kristín Edwald hdl., Hjördís E. Harðardóttir hdl. og Helga Óttarsdóttir hdl.



Sameiginlegur fundur þriggja félaga; Félags kvenna í lögmennsku, kvennadeildar Verkfræðingafélags Íslands og Félags kvenna í lækna-stétt um tilgang tengslanets var haldinn 14. október og heppnaðist afar vel. Þessi þrjú félög hyggja á meira samstarf í framtíðinni.

sumarið. Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar hittast þeir félagsmenn sem vilja svo óformlega yfir hádegisverði og ræða málín. Félagið hefur hingað til verið nokkuð virkt að mínu mati. Í byrjun júní var formanni boðið að tala á ráðstefnunni Völd til kvenna – tengslanet, sem haldin var af lögfræðideildinni á Bifröst og reyndist afar fjölsótt og vel heppnuð. Við héldum sérstaklega áhugaverðan opinn fund um miðjan júní þar sem Elisabet Fura-Sandström, fyrrum lögmaður og formaður sænska lögmannafélagsins en núverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, talaði um jafnréttismál, um stöðu kvenna í lögmennsku og hvernig þær lifðu þar af. Í lok ágúst sat formaður félagsins í pallborði á ráðstefnu sem lagadeild HÍ og rannsóknarstofa í kvennafræðum héldu þar sem aðal-fyrirlesari var breski lögmaðurinn Cherie Booth Blair og umræðuefnið var konur og völd. Í október stóð svo félagið ásamt Félagi kvenna í lækna-stétt og konum í verkfræðingastétt fyrir sameiginlegum fundi fyrir félagsmenn þar sem Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík, talaði um tilgang tengslanets. Fyrirhugað er að halda samstarfi við þessi félög fagkvenna áfram. Nú síðast stóð félagið svo fyrir námskeiði fyrir konur í lögmanna-stétt þar sem sérfræðingar fóru yfir raddbeitingu og málflutning, samskipti og framkomu í fjölmiðlum. Það var mikil ánægja með þetta námskeið og áhugi á framhaldsnámskeiði. Allt er þetta

innan markmiða og tilgangs félagsins og það er mín trú að okkur hafi, við undirbúning stofnunar þessa félags og frá stofnun þess, rækilega tekist að koma konum í lögmennsku á kortið.

Tengslanet er jú rauði þráðurinn í því sem félagið stendur fyrir og ég hef fundið það að félagsstofnunin hefur svo sannarlega leitt til margs konar ávinnings sem erfitt er að mæla, þannig að áhrifin eru ýmiss konar og víða. Fjölmiðlar sýndu stofnun félagsins gríðarlegan áhuga. Félagið hefur nú fengið boð frá EWLA, European Women Lawyers Association, um að gerast aðili að þeim samtökum, en það var Cherie Booth sem kom á sambandi milli félaganna. Félagið heldur úti vefsíðu með krækju frá vef LMFÍ þar sem er að finna samþykktir, helstu upplýsingar og hvað er á döfinni. Að lokum má nefna að ein stjórnarkona í FKL settist í stjórn LMFÍ skömmu eftir stofnun félagsins og síðan eru konurnar í stjórn LMFÍ tvær. Allt þetta eru mikil áhrif og starfsemi á aðeins níu mánaða starfstíma. Stjórnin hefur reynt að fara ekki geyst af stað og er nú að velta fyrir sér stefnumótun félagsins.

Sérðu fyrir þér að þörf verði á sérstöku félagi kvenna innan LMFÍ til frambúðar?

Ef ég á að vera alveg hreinskilin: já, a.m.k. næstu áratugina, eða þangað til strákarnir skilja að allir græða á jafnrétti!

Tölulegar upplýsingar í víðara samhengi

Samsetning félagsmanna

Hér framar í blaðinu er fjallað um stöðu kvenna í lögmennsku hér á landi og kynjahlutfall félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands. Það er því ekki úr vegi að skoða tölulegar upplýsingar um samsetningu Lögmannafélagsins í víðara samhengi og bera þær saman við lögmannafélög í nokkrum nágrannaríkjum okkar.



Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri
LMFÍ


Sé kynjahlutfall allra félagsmanna skoðað, kemur í ljós að 22% félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands eru konur, sem er svipað hlutfall og í öðrum norrænum ríkjum, þar sem hlutfallið er á bilinu 18% – 25%. Hins vegar er athyglisvert að bera stöðu norrænu ríkjanna saman við önnur Evrópuríki, en við þann samanburð kemur í ljós að hlutfall kvenna er umtalsvert hærra víðast hvar og til að mynda er kynjahlutfall nánast jafn í Portúgal.

Kynjahlutfall


Séu tölur skoðaðar yfir kynjahlutfall miðað við nýja félagsmenn (tölur fyrir árið 2003), kemur í ljós að Ísland er þar með nokkuð jafna kynjaskiptingu eða 51% konur á móti 49% karla. Af þeim ríkjum sem upplýsingarnar ná yfir, sker Noregur sig nokkuð úr, þar sem 86% nýrra félagsmanna árið 2003 voru konur. Skammt þar á eftir kemur Portúgal með 67% hlutdeild kvenna.

Aldursdreifing.

Sé aldersdreifing félagsmanna skoðuð, kemur í ljós að hlutfall kvenna er hæst meðal yngstu kynslóða lögmanna, sem í sjálfu sér kemur ekki á óvart. Athyglisvert er hins vegar að skoða á hvaða aldersbili jafnvægis tekur að gæta í kynjahlutfalli. Einnig er athyglisvert að sjá að í nokkrum ríkjum er hlutfall kvenna meðal yngri lögmanna mun




Kynjahlutfall nýrra félagsmanna nokkurra evrópskra lögmannafélaga á árinu 2003.




Kynjahlutfall félagsmanna nokkurra evrópskra lögmannafélaga.

hærra er karla. Sérstaklega er vert að benda á stöðu mála í Portúgal, þar sem konur eru í töluverðum meirihluta í þremur „yngstu“ aldursþópum lögmanna, þar sem hlutfall kvenna er allt


upp í 73%. Að öðru leyti tala neðangreind súlurit sínu máli, en gaman væri að fá frekari umræðu meðal félagsmanna um kynjahlutfall lögmanna hér á landi í ljósi fyrirliðgjandi upplýsinga.




Kynjahlutfall félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands eftir aldri.




Kynjahlutfall danskra lögmanna eftir aldri.




Kynjahlutfall finnskra lögmannna eftir aldri.




Kynjahlutfall norskra lögmannna eftir aldri.




Kynjahlutfall sænskra lögmannna eftir aldri.




Kynjahlutfall lögmanna í Englandi og Wales, eftir aldri.




Kynjahlutfall þýskra lögmanna eftir aldri.



Kynjahlutfall írskra lögmanna eftir aldri.



Kynjahlutfall portúgalskra lögmanna eftir aldri.



Kynjahlutfall svissneskra lögmanna eftir aldri.



Konur – völdin – lögin

Í ágúst sl. var haldið málþing um „konur, völd og lögin“ í Háskóla Íslands þar sem Cherie Booth Blair lögmaður var séstakur gestur. Þátttaka á málþinginu fór fram úr björtustu vonum skipuleggjenda og þurfti m.a. að flytja það í aðalsal Háskólabíós. Á myndinni eru f.v. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráð-

herra, Sif Konráðsdóttir hrl., Þórdís Ingadóttir lögfræðingur og aðjúntk við HÍ, Cherie Booth Blair lögmaður, Brynhildur Flóvens hdl. og aðjúntk við HÍ, Anu Pylkkänen doktor í réttarsögu og kennari við Háskólann í Helsinki, Ingi-björg Sólrún Gísladóttir alþingismaður og Björg Thorarensen prófessor við lagadeild HÍ.

Dýrindis krásir voru á borðum.



Jólin koma ...

Sameiginlegt jólahlaðborð Lögmannna-
félags Íslands, Lögfræðingafélags Ís-
lands og Dómarafélags Íslands var
haldið fimmtudaginn 2. desember sl. á
Hótel Loftleiðum. Heiðursgestur að
þessu sinni var Einar Kárason rithöf-
undur en atburðurinn var vel sóttur sem
endranær.



Einar Kárason rithöfundur er
sagnameistari mikill og hélt
skemmtilega ræðu þar sem
gestir fengu smá innsýn í líf
rithöfunda.



Þegar ljósmyndari kom að þessu borði var
hækkun leikskólagjalda helsta umræðuefnið
og hitamálið. Hópurinn sá sér þó fært að
brosa í myndavélina í örlitla stund. F.v. Egg-
ert Páll Ólafsson hdl., Gunnhildur Sveins-
dóttir hdl., Karl Óttar Pétursson hdl., Hösk-
uldur Þórhallsson lögfræðingur og Geir
Gestsson lögfræðingur.



Frá vinstri: Kolbrún Linda Ísleifsdóttir lögfræðingur, Ingi Sigurðsson hdl., Bjarni Ásgeirsson hrl., Heiða Guðmundsdóttir hdl., Ólafur Rafnsson hdl., Ólafur Eiríksson hdl., Ásta Guðjónsdóttir lögfræðingur, Jóhann Tómas Sigurðsson hdl. og María Thejll hdl.



F.v. Birgir Birgisson hdl., Erna Hjaltested hdl. og Heiðar Ásberg Atlason hdl.



Ólafur Örn Svansson hdl., Einar Gautur Steingrímsson hdl., Helgi Birgisson hrl., og Valur Árnason lögfræðingur.



Hildur Friðleifsdóttir hdl.

Guðriður Þorsteinsdóttir hrl. og Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.



Lögmenn LOGOS fjölmenntu sem endranær. Hér sjást þau Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. og Othar Örn Petersen hrl.



Af námsstörfum í Róm

Dagana 6.-10. október stóð félagsdeild LMFÍ fyrir vel heppnaðri námsferð til Rómar. Um 60 manns tóku þátt í ferðinni en m.a. voru dómstólar og Lögmannafélag Rómarborgar heimsótt. Fulltrúar Lögmannafélags Rómar héldu kokteil fyrir hópinn áður en haldið var á sérstakt rómverskt veitingahús en áhugasamir geta nálgast myndasýningu frá ferðinni inni á heimasíðu LMFÍ. Hilmar Gunnlaugsson hdl. var skipaður faglegur annálaritari LMFÍ í ferðinni og hér kemur pistill hans.

Það var einkar áhugasamur og fróðleikspyrstur hópur lögmanna sem lagði upp í rútuferð um öngstræti Rómar snemma föstudagsmorguns í námsferðinni góðu til borgarinnar eilífu. Því skal þó haldið til haga að þeir skynsömu í hópnum höfðu vit á því að sofa lengur vitandi að þegar saman færu aukin öryggisgæsla og útlit hins íslenska hóps, þá tæki langan tíma að komast inn á lóð dómstólanna. Þeir mættu klukkustund síðar og þá höfðu fótgönguliðarnir tekið biðina út og unnt var að hleypa hópnum inn. Áður en það var gert skyldu þó allir (nema Eyrún) skila myndavélum inn í rútu og taka upp skilríki sín. Athyglin skyldi óskert vera.

Við byrjuðum yfirferðina á því að fara inn í sakadóm þeirra Rómverja. Að utan leit húsið vægast sagt illa út en síðar var gefin sú skýring að það hefði einmitt verið ætlun hönnuðar þess – svo lýðnum liði eins og heima hjá sér! Brautarstöð – var það fyrsta sem greinarhöfundur datt í hug þegar inn var komið. En í stuttri heimsókn varð okkur það ljóst að skipulagsgáfa og fyrirhyggja gesta okkar er þroskuð og afköstin mikil. Enda ekki vanþörf á!

Í fyrstu kíktum við inn í réttarsal á millistigi, en á Ítalíu eru dómstigin þrjú. Þaðan lá leið okkar á fyrsta stig í sambyggðu húsi. Hvarvetna blasti við hin merka setning: La lecce é uguale per tutti. Þegar kíkt var inn í réttarsal á fyrsta stigi komum við inn í þinghald þar sem saksóttur hafði verið bankalögfræðingur fyrir ólögmeata útgáfu tékka. Loftið var þrungidið spennu og dómarrinn, háttvirtur



Hilmar Gunnlaugsson að störfum.

Oh. Steitl, tók sér fljótlega stutt hlé til að ráða ráðum sínum. Þremur mínútum síðar kom hann til baka og kvað upp dóm sinn. Ákærði skyldi sýknaður. Þegar blaðamaður Lögmannablaðsins ræddi við verjanda ákærða, herra Avv. Schivha, kom í ljós að dómari hafði fallist á þá snilldavrörn hans að ekki væri hægt að telja sök sannaða þar sem frumrit tékkans hafði ekki verið lagt fram heldur einungis afrit. Því væri ekki sannað að áritun ákærða hefði verið sú síðasta á frumriti tékkans þó hún væri það á ljósritinu. Alger snilld. Ef lesendur ná ekki tengingu - þá er um að kenna ítölskukunnáttu greinarhöfundar og sérskipaðs blaðamanns í umræddri ferð, hún er víst ekkert voðalega góð.



Kokteill rómverska Lögmannafélagsins var haldinn í veitingahúsi eins félagsmanns. F.v. Jóhannes Albert Sævarsson, Marco Valerio Santonocito, Fioravante Carletti, Guðjón Rúnarsson, Gualtiero Diotallevi og Giovanni Livio Sammatrice.



Í vinnuréttardómstólnum var mikið að gerast og gagnastaflarnir á borðum dómara vöktu mikla athygli.

Eftir að hafa tekið þátt í gleðinni og fengið stutta kynningu frá dómáranum á starfi sínu var haldið í aðra nálæga byggingu sem hýsir ekki einungis sakadóma heldur einnig almennan dóm og sérdómstól í vinnuréttarmálum. Fyrst var litið inn í dómsal þar sem gert hafði verið stutt hlé á meðan dómariinn var að ákveða niðurstöðu sína í nokkrum málum. Þar var beðið í ofvæni eftir því að dómariinn kæmi fram og ryddi úr sér niðurstöðum í sjö málum, allt frá morðmáli og niður úr. Síðan skyldu lögmennt og aðilar bíða í viku eftir forsendum dómárans. Augljóst var að dómariinn þurfti mikið að hugsa og að lokum brast okkur þolinmæðin og kíktum á vinnuréttardómstólinn. Þar sátu tugir lögmannt og bíðu þess að dómáranir fimm tækju þeirra mál fyrir. Af gagnastöflum þeim er á borðum voru var ljóst að hundruð mála voru tekin fyrir þennan daginn.



Loft var lævi blandið í anddyri Hæstaréttar Rómá þar sem frambjóðendur og fylgdarmenn þeirra voru að reyna afla sér fylgis. Hilmar annálaritari ásamt tveimur frambjóðendum í stjórnarkjöri Lögmannafélags Rómá.



Í Hæstarétti Rómá. Á myndinni eru Guðjón Rúnarsson, sérlegur aðstoðarmaður LMFÍ við Rómáferðina, Fioravante Carletti frá Lögmannafélagi Rómá og Jóhannes Albert Sævarsson staðgengill formanns LMFÍ.

Þessu næst lá leiðin til Hæstaréttar. Þar lentum við þegar mitt í hringiðu kosningabaráttu sem átti sér stað vegna kjörs í Lögmannafélag Rómverja. Um aukakosningar var að ræða þar sem formaðurinn hafði sagt af sér vegna þess að honum þótti ljóst að hann myndi ekki hljóta endurkjör. Ekki vantaði framboðin. Á tröppunum voru ungliðahreyfingar framboðanna áberandi og dreifðu bæklingum og öðru efni. Þegar komið var inn í „almennung“ réttárens hittum við frambjóðendurna sjálfa og jafnaðist stemningin á við sveitarstjórnarkosningar hér heima. Hús Hæstaréttar er svo til nýtt, aðeins 150 ára gamalt og stendur við ána Tíber. Við réttinn sitja 300 dómáranir sem dæma í 10 deildum, sem skiptast í sex refsiréttardeildir, þrjár einkamáladeildir og eina vinnuréttardeild. Fyrir Hæstarétti eru þinghöld í einkamálum ekki opin, einungis í sakamálum. Athygli



Hæstiréttur Rómá er glæsileg bygging og stíllinn ólíkur því sem er á neðri dómstígmum.



Það fór vel á með rómverskum og íslenskum lög-
mönnum. Á myndinni eru Marco Valerio Santonoc-
ito, Börkur Hrafnsson, Bragi Björnsson og Sturla
Friðriksson.

vakti að sex dómarmar sitja í hverjum dómi og
ræður atkvæði formanns ef atkvæði falla jöfn. Þá
vakti það nokkra athygli að þriðjungur hæstarétt-
ardómara eru konur.

Að lokinni fræðandi göngu um sali Hæstaréttar
var haldið til skrifstofu lögmannafélags Róm-
verja. Þar eru haldin námskeið og nefndir félags-
ins hafa þar starfsaðstöðu. Þar er einnig sérútbúið
herbergi þar sem lögmenn geta hlýtt á uppkvaðn-



Það var mikil gleði á rómverska veitingastaðnum
þar sem hópurinn borðaði á fimmtudagskvöldinu.
Hér sjást þau Arnfríður Einarsdóttir, Vala
Valtýsdóttir og Benedikt Ólafsson.

ingu dóma í beinni útsendingu. Mun það vera
notað í miklum mæli. Þá eru á bókasafni þeirra
um 3.000 bækur, sú elsta frá 1850.

Á þessari skrifstofu lukum við góðu dagsverki
með fnum veitingum kollega okkar. Greinarhöf-
undur getur ekki borið þessa ferð við aðrar náms-
ferðir LMFÍ á erlenda grundu en telur engu að
síður að gestgjafar okkar hafi staðið sig vel og
gert góða ferð betri.

Sími 568 9095

Eyðing skjala

**Einfalt
Öruggt
Fljótlegt**

G
GAGNAEYDING

Gagnaeyðing ehf.
Skútvogi 13 - 104 Reykjavík
Sími: 568 9095, fax: 568 8215, farsími: 897 2803
Netfang: gagnaeyding@vafex.is
Opíð hó kl. 9:00 til 17:00,
mánudaga til föstudaga (lag eftir samkomulag).

RENATA EHF

ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN

RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA
VÖNDUÐ VINNUBRÖÐ
ÁRATUGA REYNSLA

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.
GSM: 898 0904
Fax: 562 2517

Af Merði lögmanni

Merði hefur haldist illa á konum og upp úr síðustu sambúð hans slitnaði í sumar sem leið. Konan var ein af þessum vaðmálsfémínistum með ullaflagðinn fastan í rassinum og loðin frá nafla niður á ökkla. Var Mördur skikkaður til að vera í karlahópi fémínistafélagsins og þurfti einnig að starfa með aðgerðarhópi félagsins við að líma miða yfir óæskileg herrablöð í verslunum. Það var Merði svolítið erfitt þar sem hann hefur áhuga á léttklæddum stúlkum þó sá áhugi hafi dalað í seinni tíð með auknu getuleysi og tilheyrandi risvandamálum.

Í miðri krísu í sumar sá Mördur að auglýst var ferð til Rómar á vegum Lögmannafélagsins. Sá hann að í ferðina höfðu skráð sig nokkrar einhleypar konur í stéttinni og hugsaði sér gott til glóðarinnar. Nú væri lag á að kynnast kollega af gagnstæðu kyni nánar, þokkalega íhaldsamri sem hefði haft kynni af snyrtivörum og vissi að vax væri einnig notað í annað en kerti.

Mördur hóf aðgerðir strax á barnum í Leifsstöð. Sagði nokkra klúra brandara sem hann mundi úr gömlum klámblöðum sem hann átti en var hent með öðru karlrembudóti er vaðmálsfémínistinn flutti inn til hans. Merði fannst honum verða nokkuð ágengt og hann hlakkaði til ferðarinnar og leið mjög vel er hann settist upp í flugvélinu. Hann pantaði sér strax einn tvöfaldan af sterku (Mördur þolir ekki þetta léttvínssull sem er í tísku) en Mördur er af þeirri kynslóð karlmanna sem fer ekki á fjörurnar við konur nema undir áhrifum áfengis. Í flugvélinni taldi Mördur sig fara á kostum þó ekki væri hægt að merkja það á svip þeirra kvenna sem Mördur hafði króað af og komust hvergi.

Þar sem lent var í Róm seint að kveldi, og Mördur orðinn of fullur, ákvað hann að fara beint í háttinn og láta slag standa næsta kvöld þegar hópurinn ætlaði að snæða saman. Daginn eftir þurfti Mördur, hálftrimbraður, að aflplána kynningu rómverskra kollega á dómstólaskipan og réttarfari þarna suður frá. Fór hún fyrir ofan garð og neðan hjá Merði, ekki vegna timburmanna hans, heldur vegna slakrar enskukunnáttu rómversku kolleganna. Það sem fór þó mest í taugarnar á Merði í kynningarferðinni var einkennilegur áhugi einhleypu kvennanna á þessum suðrænu kollegum, sérstaklega einum þeirra sem bar öll merki þess að hafa búið hjá móður sinni alla ævi. Fór Mördur svolítið á taugum við þetta en taldi sér trú um að hér væri aðeins um að ræða alþekktu kurteisni íslenskra kvenna.

Um kvöldið hressist Mördur og gladdist mjög er hann sá að allar einhleypu konurnar sátu saman við borð. Var þar eitt sæti laust og sá Mördur sér leik á borði. Ákvað þó að fá sér einn á barnum áður en það reyndist honum dýrkeypt eins og svo oft áður. Hafði ekki rómverski mömmustrákurinn smeygt sér í lausa sætið! Mördur varð að láta sér lynda sæti á næsta borði með dreifbýlislögmönnum sem hann þekkti ekki neitt. Taldi þó að hann gæti beitt sér enda stutt á milli borða.

Mördur telst seint fjallfríður en taldi sig hafa talsverða yfirburði yfir rómverska riddarann. Sá var mjög ólögulegur í alla staði, með þrefaldan siginn maga, brjóst unglingsstúlku og fætarnir eins og væru skrúfaðir skakkt á mjadmir. Þetta útlit breytti því ekki að kvenkyns kollegar Marðar mændu aðdáunaraugum á manninn og flissuðu og skríktu eins og táningar. Merði varð ljóst að „ástandsgen“ íslenskra kvenna var ekki horfið. Yfirgaf Mördur því samkvæmið með skottið á milli fótanna. Ekki bætti úr skák að konurnar töluðu ekki um annað en þennan mann sem eftir var ferðarinnar. Jók þetta mjög á þunglyndi Marðar, sem var þó nóg fyrir, og vafráði hann næstu daga í reiðileysi um Vatíkanið í von um að frelsast.

Eftir að heim var komið tók Mördur aftur saman við hárrúða fémínistann gegn því lofordi að hann þyrfti ekki að standa í límmiðarárasum og jarðarförum á Arnarhóli. Var á það fallist ef hann gengi í staðalímyndahóp félagsins og lofaði að verja aldrei karlmenn í störfum sínum. Féllst Mördur á það og á nú von á sínu fjórða barni með jafnmörgum konum.

PISTILL FORMANNS:

Nýverið voru birtar niðurstöður könnunar um afstöðu Íslendinga til útlendinga sem hafa sest að á Íslandi. Könnunin virtist leiða í ljós að fordómar gagnvart útlendingum fari vaxandi. Margir vísir menn hafa tjáð sig um niðurstöðuna. Það sem mér fannst hvað merkilegast af því sem fram kom var að menn virtust hissa á því að andúð færi vaxandi á sama tíma og útlendingum fjölgaði.

Ég átti heima í Bandaríkjunum í fimm ár, flutti heim fyrir liðlega áratug. Ég var iðulega spurður hvort Íslendingar væru haldnir kynþáttfordómum eða öðrum sambærilegum fordómum. Ég taldi mig geta svarað því neitandi með nokkuð góðri samvisku. Fannst þó alltaf sem yrði að fljóta með að í raun hefði aldrei reynt á það. Við værum öll meira og minna eins í útliti, tilheyrðum sömu kirkjunni og hefðum alist upp við sömu menningu. Ekki væri einu sinni til neitt sem hægt væri að kalla mállýskur í íslensku, þótt menn kvæðu misjafnlega fast að.

Þetta var í meginatriðum rétt á þessum tíma, þótt ekki sé nema rúmur áratugur síðan. Það hafði því í raun ekkert reynt á umburðarlyndi okkar gagnvart útlendingum, að ekki sé talað um fólki af öðrum kynþáttum eða trúarbrögðum. Ég veit þó að játa að mér brá mjög fyrstu áramótin eftir að ég kom heim. Hjálparsevit skáta auglýsti flugeldana sína með því að láta Ladda leika sprengjuóðan Kínverja. Auglýsingin gekk í raun út á það að gera grín að útliti, klæðaburði og talsmáta Kínverja.

Nú er hins vegar farið að reyna á umburðarlyndi Íslendinga. Fólki af öðru þjóðerni, kynþáttum og trúarbrögðum hefur fjölgað mjög á Íslandi. Og það var ekkert við því að búast að engir hnöktrar hlytust af, frekar en hjá nágrönnum okkar, þar sem ferlið var bara einhverjum árum eða áratugum á undan. En við áttum samt að geta lært af nágrönnum okkar og eigum ekki að brenna okkur á því sama og þeir gerðu. Vonandi má vinda ofan af þróuninni sem könnunin gefur vísbendingar um.

Mér þykir eiginlega alltaf svo merkilegt að útlendingar vilji setjast að á Íslandi að ég vil leyfa þeim það. Þótt ég sé eindregið þeirrar skoðunar að Ísland sé stórkostlegt land um flest, hlýtur að vera ansi langsótt ákvörðun fyrir flesta útlendinga að taka sig upp og flytja hingað. Ákvörðun um það hlýtur að vera ígrunduð og það er fengur að fólki sem tekur ígrundaðar ákvarðanir. Mér finnst líka fengur að fólkinu sem hingað hefur flutt og tekið með sér það besta frá sínum heimaslóðum.



Gunnar Jónsson

hrl.

Rök þeirra sem eru á móti því að fá „of marga“ útlendinga til landsins eru iðulega þau að þeir aðlagist

samfélaginu ekki nógu vel, sérstaklega kannski þeir sem eru öðruvísi útlits, að ekki sé talað um trú í aðra guði. Þeir haldi of stíft í eigin síði og venjur sem þýði ógn við menningu okkar. Ég er ekki frá því að þeir sem tefla þessum rökum stífast fram séu þeir sömu og dásama mest hvað Vestur-Íslendingar hafa haldið í arfleifðina. Tali íslensku kynslóð fram af kynslóð, gott ef ekki taki slátur og súrsi undir dúndrandi rímnakveðskap.

Eins og ég sagði að framan er sjálfsagt ekki við öðru að búast en umbreytingar geti af sér einhver vandamál. En stjórnvöldum ber skylda til þess að leita leiða til þess að takmarka slík vandamál sem verða má. Þá skyldu hlýtur að leiða af 65. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að allir skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til m.a. trúarbragða, þjóðernisuppruna, kynþáttar eða litarháttar. Greinin felur í raun í sér að einstaklingar eigi rétt til þess að verða metnir sem slíkir, ekki sem hluti hóps sem ber sameiginleg einkenni.

Kjarni fordóma er að dæma fólki sem hluta af hópi, ekki sem einstaklinga. Gegn því ber stjórnvöldum að berjast, ætli þau að koma í veg fyrir að fordómar verði vaxandi vandamál. Og þeir verða vaxandi vandamál, sé ekkert að gert. Fjölgun útlendinga hér á landi hefur öll orðið í góðu efnahagsástandi og sennilega vegna þess. Versni efnahagsástand mun fyrst reyna á okkur.

Reynsla annarra kennir okkur það. Því er afar brýnt að samfélagið verði undir það búíð og á því bera stjórnvöld ábyrgð.

Einstakir ráðamenn segja að málinu unnið. En þótt orð séu til alls fyrst verða efndir að fylgja. Hvaða skilaboð sendu til dæmis stjórnvöld þegar þau meinuðu meðlimum Falun gong að koma til landsins? Sú ákvörðun fól í sér að dæma einstaklingana sem hluta af hópi, nákvæmlega það sem forðast verður.

Nýrri ákvarðanir, sem mér finnst hafa sætt furðu lítilli gagnrýni, eru móttökur sem mótörhjólamaður sem hingað vilja koma fá. Síðast voru þar á ferð einhverjir sem kalla sig Galtarriddarana á ástkæra ylhýra. Ég verð að játa að ég er hræddur við mótörhjóla og yrði sennilega skelfingu lostinn ef ég mætti hópi manna á mótörhjólum, að ekki sé talað um ef þeir væru síðhærðir, fúlskeggjaðir og í leðurgöllum. En m.a.s. mótörhjólamaður hljóta að njóta mannréttinda eins og við hin. Svo virðist hins vegar sem yfirvöld telji sig hafa heimild til þess að skilgreina hópa mótörhjólamanna sem líklega ógnun við allsherjarreglu og geti meinað þeim komu til landsins á þeim grundvelli. Að mér

heyrðist fer hættumat fram hjá ríkislögreglustjóra og telji hann hópinn hættulegan er honum fleygt á dyr. Ríkisvaldið virðist því meta hópinn, ekki hvern einstakling. Skortur á gagnrýni á þessar ákvarðanir helgast ugglaust af því að flestum stendur beigur af mótörhjólahópum.

Það kann vel að vera að hóparnir sem var vísað frá landinu hafi verið bölvad illþýði með vond áform. En grunur má ekki duga eða upplýsingar um hvað sambærilegir hópar hafi gert annarsstaðar. Það er enginn sekur fyrr en sekt er sönnuð, hvað þá áður en glæpur er framinn. Hver einstakur úr hópnum á rétt til þess að vera metinn, ekki gjalda félagsskaparins. Annað eru fordómur og stjórnvöldum ber skylda til þess að koma í veg fyrir fordóma, ekki hafa þá uppi. Satt best að segja held ég líka að þegnum stafir mun meiri hætta af stjórnvöldum sem þekki ekki eða virði takmörk sín en hópum síðskeggjaðra mótörhjólamanna.

—

Ég óska öllum félagsmönnum LMFÍ og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og heilla á nýju ári.



Sönn norræn sakamál

Hér er komin bókin fyrir alla aðdáendur sakamálasagna enda er sannleikurinn oft ótrúlegri en nokkur skáldskapur. Í þessari bók er lýst raunverulegum glæpamálum og lögreglumönnum sem fást við að leysa þau. Spenna og fróðleikur í senn.

Íslensku málin í bókinni eru:

- Fjársvik ræstingarkonunnar
- Skeljungsránið
- Stolna heyrullubindivélin
- Trúaði barnaniðingurinn

Taktu þátt í leik á www.sakamal.is

Íslenska lögregluforlagið
sakamal@sakamal.is • 533-2270

Föstudaginn 15. október fór fram hið árlega meistaramót LMFÍ í utanhússknattspyrnu. Að þessu sinni fór mótið fram á hinu nýja gervigrasi Fót-boltafélagsins Fram (á dönsku Boldklubben Frem, á ensku FC Forward) við Álftamýri. Allar aðstæður voru hinar bestu, blankalogn og heiður himinn. Sólin var reyndar helst til lágt á lofti undir lok móts en menn létu það ekki á sig fá og tóku fram sólgleraugu og derhúfur. Þetta er 10. árið sem mótið fór fram en það var fyrst haldið árið 1995. Tvö lið hafa skiptst á að landa titlunum gegnum árin með eftirfarandi hætti:

- 1995 Reynsla og léttleiki
- 1996 Reynsla og léttleiki
- 1997 Grínarafélagið á Mörkinni
- 1998 Grínarafélagið á Mörkinni
- 1999 Reynsla og Léttleiki
- 2000 Grínarafélagið á Mörkinni.
- 2001 Grínarafélagið á Mörkinni
- 2002 Grínarafélagið á Mörkinni
- 2003 Reynsla og Léttleiki

Fimm lið mættu til leiks að þessu sinni, og fór mótið í alla staði vel fram eins og venjulega. Lítið var rifist við dómara, enda um að ræða landsdómara frá KSÍ.

Í fyrstu umferð gerði Grínarafélagið á Mörkinni (GM) og Matlokkarar 0-0 jafntefli, en AM Utd. sigraði lið Logos 4-1. Í næstu umferð sigraði lið Reynslu og Léttleika (Rog L) lið Mattlokkara 7-0, og GM sigraði Logos 4-1. Í þriðju umferð sigruðu Mattlokkarar lið Logos 2-0, og AM Utd. og RogL gerðu markalaust jafntefli í hörkuleik tveggja góðra liða. Í fjórðu umferð sigraði AM Utd. lið Mattlokkara 6-0, en í hinum leiknum áttust við erkifjendurnir GM og RogL.

Hið kampakáta lið Grínarafélagið á Mörkinni brosti aftur fyrir eyru í myndavélina af ánægju með fyrsta sæti mótsins að þessu sinni ...

Lauk leiknum svo að Grínarafélagið á Mörkinni sigraði Reynslu og Léttleika 2-1 í hörkuleik, þar sem Steinar Guðgeirsson nýorðinn hrl., oft kallaður hinn fallegi, skoraði gullfallett sigurmark GM undir lok leiksins.

Í lokaumferðinni öttu saman kappi RogL og Logos annars vegar, og sigruðu RogL-ingar 4-1, en hins vegar öttust við lið Grínara á Mörkinni og AM Utd., og dugði AM Utd. jafntefli til að landa fyrsta sætinu og brjóta þar með blað í sögu keppinnar með því að rjúfa einokun knattisanna í Reynslu og léttleika og Grínaranna á Mörkinni.

Stefan Larsson, sænskættaður leikmaður AM Utd. skoraði stórglæsilegt mark í byrjun leiks, en Jóhannes Albert Sævarsson jafnaði leikinn fyrir GM um miðjan hálfleikinn. Undir lok fyrri hálfleiks gerðist atvik sem hefði getað haft mikil áhrif á gang leiksins, og ráðið úrslitum hans, en heiðarleiki og drengskapur liðsmanna AM Utd. kom þar vel í ljós. Atvikið var með þeim hætti að leikmaður AM, Ingvi Snær Einarsson geystist í sókn og skaut að marki GM, og endaði boltinn í netinu með þeim hætti að fara í gegnum gat á hliðarneti marks GM. Þetta sá dómari leiksins ekki og var því ekki í annari stöðu en að dæma mark. Ingvi Snær viðurkendi það aftur á móti fúslega fyrir dómara leiksins að boltinn hefði farið öfugu megin í markið, þ.e. gegnum gat á hliðarneti. Breytti þá dómari leiksins fyrri ákvörðun og dæmdi "markið" af. Verður að taka hattinn ofan

Meistaramót LMFÍ í knattspyrnu utanhúss anno 2004 Hið 10. í röðinni





Að þessu sinni fór mótið fram á hinu nýja gervigrasi Fótboltafélagsins Fram (á dönsku Boldklubben Frem, á ensku FC Forward).

Lokastaðan varð því þessi:

1.	Grínarafélagið á Mörkinni	3	1	0	9:2	+7	10
2.	Reynsla og Léttleiki	2	1	1	12:3	+9	9
3.	AM Utd.	2	1	1	11:4	+7	9
4.	Matlock FC	1	1	2	2:13	-11	4
5.	Logos	0	0	4	2:14	-12	

fyrir mönnum sem Ingva Snæ og liðsmönnum hans. Í seinni hálfleik skiptust liðin á að sækja og undir miðjan hálfleikinn skoraði Brynjar Níelsson gott mark fyrir GM, sem þýddi að nú voru AM Utd. menn komnir í þá stöðu að verða að skora. Gerðu þeir mikla orrahríð að marki GM, en Gunnar Jónsson, formaður vor, stóð sem klettur í markinu og varði það sem á markið kom. Er Gunnar ótrúlegur íþrótt- og keppnismaður, sem þrátt fyrir aðeins frjálssara vaxtarlag gefur ekkert eftir í liðleika og markvörslu. Undir lok leiksins skoraði Tómas Jónsson í GM þriðja mark GM

enda allt lið AM Utd. í sókn, og endaði leikurinn því 3-1 fyrir GM, sem stóðu þar með uppi sem sigurvegari enn eitt árið. En litlu mátti muna að AM Utd. sigraði, en heiðarleiki þeirra og drengskapur mun lifa.

Þannig fór um sjóferð þá. Eyrún kammerjómfrú hins konunglega fjélags afhenti síðan verðlaunin og bauð upp á léttan mjöð til að stytta öðrum liðum stundir meðan hún kyssti verðlaunahafana í bak og fyrir.

Nefndin



... svo gekk hún framhjá. Einbeitingin hvarf, myndavélin gleymdist og þeir vissu hvorki um stund né stað. Eins og segir í fyrstu vísunni af 120 í hinu fræga kvæði um huldukonuna eftir Bólu-Rúnu:

Þegar hún birtist, þeir gleymdu stund og stað og störfu hugfangnir, það lá við bráðafári. Hvaðan hún kom og var að gera hvað og hversvegna, þeir vissu allir nema Smári.

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Reykjavík

Lögskil ehf.

Suðurlandsbraut 48

Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.

Hilmar Magnússon hrl.

Lögmannstofan Suðurlandsbraut 4 ehf

Árni Einarsson hdl.

Steingrímur Eiríksson hrl.

Fulltingi ehf. lögfræðipjónusta

Suðurlandsbraut 18

Lára V. Júlíusdóttir hrl. ehf

Suðurlandsbraut 18

Lögfræðiskrifstofa Jóhannesar Ásgeirssonar

Suðurlandsbraut 10

Hjördís E. Harðardóttir hdl.

Síðumúla 35

Lögmannsstofa Kristínar Briem hrl.

Skeifunni 11a

Lögmannsskrifstofa Gissur V.

Kristjánsson hdl.

Síðumúla 15

Lögmannsstofan Lögver ehf.

Mörkinni 3

Lögmenn Mörkinni ehf.

Mörkinni 1

B&B lögmenn

Lágmúla 7

Halldór H. Backman hrl.

Guðmundur O. Björgvinsson hdl.

Legalis Lögmannsstofa

Lágmúla 7

Gunnar Jóhann Birgisson hrl.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.

Sigurbjörn Magnússon hrl.

JP Lögmenn ehf.

Lágmúla 5

Lögmenn Árnason

Grensásvegi 8

Juralis ehf.

Faxafeni 5

Sveinn Guðmundsson hdl.

Hallvarður Einvarðsson hrl.

Lögron ehf.

Ármúla 21

Katrín Theodórsdóttir hdl.

Lögmenn Árbæ

Nethyl 2

Steingrímur Pormóðsson hrl.

Innheimtustofan Höfðabakka 9

Höfðabakka 9 – 6.hæð

Justitia ehf.

Höfðabakka 9

Örn Þór hrl.

Skúlagötu 63 box 1024

Nestor ehf.

Laugavegi 182

AM PRAXIS sf.

Sigtúni 42 box 5189

Seltjarnarnes

Lögmannsstofa Ólafs Sigurgeirssonar hrl.

Austurströnd 3

Kópavogur

Lögstofan ehf.

Hlíðasmára 17

Guðmundur St. Ragnarsson hdl.

Garðabær


Heimir Hannesson hdl.

Holtsbúð 91

Fréttir frá félagsdeild

Rómarferð

Hinn síkátí skemmtanastjóri félagsdeildar er ennþá glaðari en venjulega. Ástæðan er hin vel heppnaða Rómferð með 60 lögmonnum og fylgdarliði í lok haustmánaðar. Ferðasagan er sögð á öðrum stað í blaðinu auk þess sem slæðusýning er í félagsdeildarhluta á heimasíðu LMFÍ. Ég vil nota tækifærið og þakka samferðamönnum fyrir skemmtilega ferð og Guðjóni Rúnarssyni lögmanni fyrir alla aðstoðina við skipulagningu ferðarinnar og á vettvangi.



Eyrún Ingadóttir

Námskeið

Námskeið haustannar hafa gengið ágætlega. Tekin var upp sú nýbreytni að bjóða upp á kajaknámskeið og dönskunámskeið (ath: ekki saman þannig að töluð væri danska á kajak!) en ekki var nóg þátttaka til að halda þau. Einnig var hætt við námskeið í gerð grænmetisréttu og ljósmyndun en námskeið um Jónsbók og íslenska réttarsögu, með Má Jónssyni prófessor við sagnfræðideild Háskóla Íslands sem kennara, heppnaðist afar vel. Það námskeið var haldið í tilefni af nýrri útgáfu Jónsbókar en hluti hennar, sem er frá 1281, er enn í gildi og ákvæði úr henni svo til árlega notuð við dóma.

Þrátt fyrir misgóðar undirtektir við tilraunastarfsemi félagsdeildar í framboði námskeiða verður ekki látið deigan síga. Það er hollt að líta upp úr amstri hversdagsleikans og gera eitthvað skemmtilegt! Fagleg námskeið haustannar voru þrjú að þessu sinni: Útlendingaréttur, ábyrgð sérfræðinga og starfsábyrgðartryggingar og Hugverkaréttur. Félagsdeildin stóð síðan fyrir námskeiði í framsögn og fjölmiðlum fyrir konur í samstarfi við Félag kvenna í lögmennsku. Flestar konur þurfa að huga að raddbeitingu með

öðrum hætti en karlar og það er alþekkt að konur eru tregari til að koma fram í fjölmiðlum en karlar. Verið var að reyna að taka á þessu en ágæt þátttaka var á námskeiðinu. Félagsdeild hefur svo gert samning við tölvunám.is um afslátt af tölvunámskeiðum á netinu en þau eru bráðsniðug.

LÖGMANNALISTINN

Félagsdeild hefur nú látið þýða LÖGMANNALISTANN yfir á þýsku, frönsku, spænsku, pólsku, serbnesku og tælensku en fyrir var listinn á íslensku, ensku og dönsku.

Einnig er búið að útbúa kynningarbækling á þessum tungumálum til að dreifa í sendiráð, lögreglustöðvar, til ræðismanna og á alla þá staði sem hugsast getur að útlendingar séu staðsettir. Talning á heimasíðu LMFÍ sýnir að hún er að mestu notuð til að leita að lögmönnum og þýðing á þessi tungumál, sem auk dreifingar kynningar-



bæklings, mun væntanlega auka þessa umferð ennþá meira. Þeir sem ekki eru kunnugir LÖGMANNALISTANUM er bent á að fara á heimasíðu LMFÍ, www.lmfj.is þar sem þeir geta séð hvernig þetta virkar.

SKRIFSTOFUHERBERGI TIL LEIGU

Skrifstofuherbergi til leigu hjá Lögmannsstofunni
Skeifunni 11a, Reykjavík.

Áhugasamir hafi samband við Kristínu Briem eða Steinunni Guðbjartsdóttur
í síma 568 8640.

Kínversk sendinefnd í heimsókn hjá LMFÍ

Þann 9. nóvember sl. kom kínversk sendinefnd í heimsókn til Lögmannafélags Íslands en nefndin var stödd hér á landi til að kynna sér íslenskt réttarkerfi. Það kom fram í máli Zhang Jun aðstoðardómsmálaráðherra Kína að löggjöfin þar hefði ekki fylgt eftir þróun í efnahagsmálum og þeim öru breytingum sem hefðu verið í hagkerfinu. Nefndin var afar áhugasöm um íslenska réttarkerfið sem er ólíkt því kínverska í flestu. Einungis 120.000 lögmenn eru starfandi í Kína en væru aftur á móti 2,8 milljónir ef það væri sama hlutfall lögmanna þar og á Íslandi.



Kínverska sendinefndin ásamt tveimur stjórnarmeðlimum frá LMFÍ, þeim Jóhannesi Albert Sævarssyni og Ragnheiði Bragadóttur.

Zhang Jun aðstoðardómsmálaráðherra Kína ásamt túlki sínum Gu Qing.



Þú getur
fengið þá
á netinu!

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA



pmt
last miðar & tækni ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Nýjar bækur um lögfræði



LAGAHEIMUR
Greinar um sam-
burðarlögfræði
Páll Sigurðsson
Leiðb. verð: 5.900 kr.



LAGASKUGGSJÁ
Greinar um lög og sögu
Páll Sigurðsson
Leiðb. verð: 5.900 kr.



**RÉTTARSTADA
FATLADRA**
Brynhildur Flóventz
Leiðb. verð: 4.500 kr.



HÁSKÓLAÚTGÁFAN
www.haskolautgafan.hi.is

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Akureyri

Lögmannsstofan ehf.
Strandgötu 29
Árni Pálsson hrl.
Gunnar Sólnes hrl.
Jón Sólnes hrl.
Lögmannsstofan Lögmannshlíð
Ráðhústorgi 3

Egilsstaðir

Lögmannsstofan Regula
Kaupvangi 2
Lögfræðistofan
Langatanga 5

Selfoss

Málflutningsskrifstofan
Austurvegi 6
Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.
Óskar Sigurðsson hdl.
Lögmenn Suðurlandi ehf.
Austurvegi 3
Ólafur Björnsson hrl.
Sigurður Sigurjónsson hrl.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF



Gutenberg
PRENTSMIÐJA

Handbók um samruna

Nýlega var gefin út ítarleg skýrsla um lagaumhverfi samruna fyrirtækja á Íslandi. Með skýrslunni fylgir margmiðlunargeisladiskur þar sem höfundur setur á svið samruna tveggja fyrirtækja. Á geisladisknum má finna öll samrunagögn sem fyrirtæki þurfa til útbúa við samruna fyrirtækja. Bæði er um að ræða óútfyllt skjöl þar sem einfalt er að fylla inn réttar forsendur og vönduð sýni-skjöl. Verð fyrir fyrir félagi í Lögmannafélagi Íslands er 24.900,- kr.

Pantið með tölvupósti á:
unnarsteinn@unnarsteinn.is
eða með því að hringja
í síma 891 7381.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Reykjavík

Atvinnuhús ehf.
Skúlagötu 30

Jón Höskuldsson hdl.
Skólavörðustíg 12

Lögmál ehf.
Skólavörðustíg 12

Themise ehf. Lögmannsstofa
Pósthússtræti 7
Hanna Lára Helgadóttir hrl.
Helgi v. Jónsson hrl.

Ásgeir Thoroddsen hrl.
Laugavegi 99 – 101

Lögmannsskrifstofan Fortis ehf
Laugavegi 7

Lögfræðistofa Gunnars Sæmundssonar
Laugavegi 18

Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27

HP Lögmenn
Kjörgarði 3h, Laugav. 59
Pröstur Þórsson hdl.

DP lögmenn
Hverfisgötu 4-6
Dögg Pálsdóttir hrl.

Gunnar I. Hafsteinsson hdl.
Hafnarhvoli v/Tryggvagötu

Lögmenn Grandagarði
Grandagarði 13

Jón Bjarnason hrl.
Bergstaðastræti 44

Löggarður ehf.
Kringlunni 7, 7. hæð
Brynjólfur Eyvindsson hdl.
Guðni A. Haraldsson hrl.
Benedikt Sigurðsson hdl.

LOGOS lögmannsþjónustan
Efstaleiti 5

Lex ehf.
Sundagörðum 2

Lögmannsstofa Jóns Egilssonar
Knarrarvogi 4

Embla lögmannsstofa ehf.
Suðurlandsbraut 4
Herdís Hallmarsdóttir hdl.
Hulda Elsa Björgvinsdóttir hdl.

Taxis lögmenn ehf
Suðurlandsbraut 4

Gjaldheimtan ehf. – Skjótvirki Skil
Suðurlandsbraut 18

Landwell
Skógarhlíð 12

Jón G. Briem hrl.
Skiptófti 50b

Hrafnkell Ásgeirsson hrl
Kleppsvogi 46

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir hdl.
Borgartúni 33

Lögmenn Borgartúni
Borgartúni 18

ERON ehf. Eignasalan
Vegmúla 2
Stefán Hrafn Stefánsson hdl.

Juris – Lögfræðiskrifstofan
Suðurlandsbraut 6 4 hæð
Andri Árnason

Lögmenn Laugardal ehf.
Suðurlandsbraut 4a
Björn Þorri viktorsson hdl.
Guðbjarni Eggertsson hdl.
Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefköng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmfi.is

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Lúðvík Örn Steinarsson hrl.
Lögmál ehf.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
sími 511-2000
fax 511-2001

Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Guðrún Bergsteinsdóttir hdl
Landwell
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
sími 5-500-500
fax 5-500-505

Davíð Guðmundsson hdl.
Lögvit Lögmannastofa
Stórhöfða 3
110 Reykjavík
S: 580-3450
Fax: 580-3451

Eiríkur Gunnsteinsson hdl.
Gjaldheimtan ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
S: 570-5500
Fax: 570-5501

Nýr vinnustaður:

Eiríkur S. Svavarsson hdl.
Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
108 Reykjavík
S: 515-9000
Fax: 563-2029

Hanna Lára Helgadóttir hrl.
Themis ehf. lögmannastofa
Pósthússtræti 7
101 Reykjavík
S: 414-6406
Fax: 414-6401

Helgi V. Jónsson hrl.
Themis ehf. lögmannastofa
Pósthússtræti 7
101 Reykjavík
S: 414-6406
Fax: 414-6401

Einar Þór Sverrisson hdl.
Lögmenn Mörkinni ehf.
Mörkinni 1
108 Reykjavík
sími 581-2122
fax 581-2150

Benedikt Guðbjartsson hdl.
Skrifstofa borgarlögmanna
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík
Sími: 525 8900
Fax: 5258990

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir hdl.

Fasteignafélagið Stoðir ehf.
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík
S: 575-9000
Fax: 575-9001

Reimar Pétursson hrl.
Lögmenn Lágmúla 7
Lágmúla 7, 6. hæð
108 Reykjavík
Sími: 581-1166
Fax: 581-1170

Nýtt aðsetur:

Jóhann Baldursson hdl.
Holtasmári 1
201 Kópavogur
S: 595-9017
Fax: 595-9091

Endurútfegin réttindi:

Sigurður Gísli Gíslason hdl.
Embætti ríkislögreglustjóra
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík
sími 545-8490
fax 562-9280

Kári Hrafn Kjartansson hdl.
Landwell lögmannastofa
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
sími 550-0502
fax 550-0505

Starfsmannabreytingar hjá LMFI

Í lok október hætti Guðný Gísladóttir störfum hjá Lögmannafélagi Íslands eftir að hafa starfað á skrifstofu félagsins í fjögur ár. Lögmannafélagið þakkar Guðnýju sérstaklega fyrir vel unnin störf og óskar henni jafnframt velfarnaðar á nýjum vettvangi en hún hefur hafið störf sem launafulltrúi hjá hag- og fjárreiðudeild Actavis á Íslandi.

Í stað Guðnýjar hefur Steinunn Rósa Einaradóttir verið ráðin til starfa. Steinunn er 32 ára og starfaði áður hjá Íslenska útvarpsfélaginu sem



móttökustjóri og dagskrárfulltrúi. Steinunn Rósa lauk skrifstofutækninámi frá Tölvuskóla Íslands vorið 1998, markaðs- og sölunámi frá Stjórnartækniskóla Íslands vorið 1999 og bókhaldsnámskeiði frá NTV í október 2004.

Eiginmaður Steinunnar Rósu er Kristján S. Ingólfsson rafvirkir og eiga þau þrjá syni, níu, ellefu og fjórtán ára gamla. Lögmannafélagið býður hinn nýja liðsmann velkominn til starfa!

VEÐBÖND.IS

– NÝR VEFUR FYRIR VEÐBÖND FASTEIGNA OG ÖKUTÆKJA



ÖRUGG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Vegna breytinga á veðbandakerfi dómsmálaráðuneytisins verður núverandi fyrirkomulag á aðgengi fyrirtækja að veðbandaupplýsingum lagt niður í áföngum.

Breytingarnar taka gildi á þessu ári skv. eftirfarandi áætlun: Hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði 27. febrúar, Sýslumanninum á Ísafirði 12. mars og Sýslumanninum í Reykjavík 19. mars.

Veðbandayfirlit fasteigna og lausafjár hefur verið skilið í sundur með fyrrgreindum breytingum á umræddu kerfi.

Áfram verða sömu upplýsingar veittar á Internetinu, en nú gegnum nýjan vef, vedbond.is. Um er að ræða nýja tengileið á Internetinu með betra viðmóti en áður.

Sömu reglur um aðgangsheimildir munu gilda áfram og þarf viðkomandi fyrirtæki að nafngreina þá notendur sem skulu fá aðgang og senda með tölvupósti á vedbond@skyrr.is.

Umræddar breytingar eru gerðar með það að markmiði að upplýsingar um veðbönd allra fasteigna á Íslandi fáiast á einum stað. Þeir sem fá aðgang að þessari þjónustu eru skilgreindir í reglugerð um þinglýsingar.

Skýrr er eitt öflugasta þekkingarfyrirtæki Íslands. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið er sölu- og þjónustuaðili Oracle Corp., Business Objects, VeriSign og Cambio á Íslandi. Hjá samstæðunni starfa um 200 manns. Viðskiptavinir Skýrr eru um 2.200 talsins og meðal þeirra eru mörg stærstu fyrirtæki landsins, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg. Örugg miðlun upplýsinga er kjarnastarfsemi Skýrr.

